

**2003 nr. 65 27. mars****Raforkulög<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> Lögnum var breytt með l. 66/2023, 7. gr.; breytingarnar taka gildi 1. jan. 2024 skv. 6. gr. s.l.

**Tóku gildi 7. apríl 2003 en komu til framkvæmda 1. júlí sama ár, sjá þó breytingar með l. 89/2004.** *EES-samningurinn:* IV. viðauki tilskipun 96/92/EB. *Breytt með:* L. 89/2004 (tóku gildi 2. júlí 2004). L. 149/2004 (tóku gildi 30. des. 2004). L. 30/2008 (tóku gildi 19. apríl 2008; *EES-samningurinn:* IV. viðauki tilskipun 2001/77/EB). L. 58/2008 (tóku gildi 11. júní 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 12. gr.). L. 67/2008 (tóku gildi 12. júní 2008). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 30/2009 (tóku gildi 4. apríl 2009). L. 142/2009 (tóku gildi 31. des. 2009). L. 148/2010 (tóku gildi 29. des. 2010). L. 19/2011 (tóku gildi 11. mars 2011). L. 36/2011 (tóku gildi 19. apríl 2011; *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 2000/60/EB, 2006/118/EB, 2008/105/EB, 2009/90/EB). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 175/2011 (tóku gildi 30. des. 2011). L. 176/2011 (tóku gildi 30. des. 2011). L. 26/2015 (tóku gildi 6. júní 2015). L. 39/2016 (tóku gildi 2. júní 2016). L. 24/2018 (tóku gildi 15. maí 2018). L. 88/2018 (tóku gildi 29. júní 2018). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 112/2019 (tóku gildi 19. sept. 2019 nema a- og b-liður 6. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2020). L. 113/2019 (tóku gildi 19. sept. 2019). L. 103/2020 (tóku gildi 23. júlí 2020 nema 4. og 16. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2021). L. 74/2021 (tóku gildi 1. júlí 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr., sbr. l. 37/2022, 1. gr.). L. 39/2023 (tóku gildi 17. júní 2023). L. 66/2023 (taka gildi 1. jan. 2024; um lagaskil sjá 6. gr. og brbákv.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra** eða **umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Markmið og gildissvið.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.

3. Tryggja [fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmunum neytenda og neytendavítund á raforkumarkaði].<sup>1)</sup>

[4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

5. Taka tillit til umhverfissjónarmiða.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 26/2015, 1. gr.

**■ 2. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.

**■ 3. gr. Skilgreiningar.**

1. *Dreifikerfi:* Rafínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimitaug. Enn fremur mælur og mælábúnaður hjá notendum.

2. *Dreifiveita:* Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.

3. *Dreifiveitusvæði:* Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.

4. *Endurnýjanlegar orkulindir:* Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.

5. *Flutningsfyrirtæki:* Fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.

6. [*Flutningskerfi:* Rafínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspenni, eldingavara og

tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnotenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.]<sup>1)</sup>

7. *Flutningsvirki:* Rafína og búnaður henni tengdur til flutningsraforku.

[8. *Kerfisþjónusta:* Þjónusta sem er nauðsynleg til að stjórna flutnings- eða dreifikerfi raforku og felst í tíðnitengdri kerfisþjónustu til að viðhalda stöðugri kerfistíðni, og einnig ótíðnitengdri kerfisþjónustu sem er nauðsynleg fyrir kerfisstyringu flutnings- og dreifikerfis í stöðugu ástandi.]<sup>2)</sup>

[19.]<sup>2)</sup> *Neyðarsamstarf raforkukerfisins:* Samvinnuvettvangur vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis, dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila á Íslandi vegna vár sem steðjar að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku og/eða stórnotendum. Nánar er kveðið á um starfseminna í samstarfsgrunni neyðarsamstarfs raforkukerfisins.

[10.]<sup>2)</sup> *Neyðarstjórnun:* Skipulag sem lýsir stjórnun í vá.]<sup>3)</sup>

[11.]<sup>2)</sup> *Notandi:* Sá sem kaupir raforku til eigin nota.

[12.]<sup>2)</sup> *Orkulind:* Náttúruleg uppspretta orku í ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur og sólarljós, en einnig olfu- og gaslindir og kolanámur.

[13.]<sup>2)</sup> *Rafína:* Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis.

[14.]<sup>2)</sup> *Raforkukerfi:* Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.

[15.]<sup>2)</sup> *Raforkumarkaður:* Skipulegur markaður með raforku.

[16.]<sup>2)</sup> *Raforkuver/virkjun:* Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.

[17.]<sup>2)</sup> *Raforkuviðskipti/viðskipti:* Kaup og sala raforku.

[18. *Raforkuöryggi:* Raforkuöryggi felst í að notendur hafi aðgang að raforku þegar hennar er þörf og þar sem hennar er þörf, með hliðsjón af almennri stefnumörkun stjórnvalda á hverjum tíma og skilgreindum áreiðanleika og gæðum. Viðmið fyrir fullnægjandi raforkuöryggi skulu nánar útfærð og skýrð í reglugerð sem ráðherra setur.]<sup>2)</sup>

[[19.]<sup>2)</sup> [*Stórnotandi:* Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.]<sup>1)4)</sup>

[20. *Stýrt varaafli:* Afli sem kerfisstjórn hefur aðgang að til að viðhalda og/eða endurreisa kerfistíðni.]<sup>2)</sup>

[21.]<sup>2)</sup> *Söluvirkteki:* Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.

[[22.]<sup>2)</sup> [*Tekjumörk:* Hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði. Þau skulu sett til fimm ára en uppfærð árlega eftir á miðað við breytingar á viðmiðum tekjumarka eins og þau eru tilgreind í 12. og 17. gr.]<sup>1)4)</sup>

[23. *Varaafli í varaafststöðvum:* Afli sem ekki er stýrt af kerfisstjóra en er notað tímabundið vegna bilana eða truflana í flutnings- og/eða dreifikerfum eða vegna viðhalds á einstökum hlutum þeirra og fæðing eftir öðrum leiðum er útilok-uð.]<sup>2)</sup>

[24.]<sup>2)</sup> *Vá:* Atburður sem ógnar almannahag, öryggi fólks, mannvirkja og starfsemi, og kallar á að neyðarstjórnun verði gerð virk. Atburðurinn getur valdið stórfelldum truflunum á raforkuflutningi, framleiðslu eða dreifingu raforku á tilteknu svæði.

[25.]<sup>2)</sup> *Viðbragðsáætlun*: Áætlun sem gerir grein fyrir aðgerðum og tengiliðum viðkomandi aðila í vá. Nánar er kveðið á um efni hennar í reglugerð.<sup>3)</sup>

[26.]<sup>2)</sup> *Vinnsla/raforkuvinnsla*: Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku.

[27.]<sup>2)</sup> *Vinnslufyrirtæki*: Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.

[28.]<sup>2)</sup> *Virkjunarleyfi*: Leyfi sem veitt er samkvæmt lögum þessum til að reisa og reka raforkuver.

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 74/2021, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 67/2008, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 89/2004, 1. gr.

## II. kafli. Raforkuvinnsla.

### ■ 4. gr. Veiting virkjunarleyfis.

□ Leyfi [Orkustofnunar]<sup>1)</sup> þarf til að reisa og reka raforkuver. [Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW nema orka frá raforkuveri sé afhent inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið. [Vegna raforkuvera með uppsettu afli 100 kW eða minna þarf þó ekki virkjunarleyfi.]<sup>2)</sup> [Vegna varaafsstöðva sem gegna eingöngu því hlutverki að útvega afl til eigin nota vegna bilana, skorts á flutningsgetu, orkuskorts eða annarra þátta þarf þó ekki virkjunarleyfi.]<sup>3)</sup> Eigendur virkjana með uppsett afl 30–1.000 kW skulu skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Einnig er skylt að tilkynna Orkustofnun árlega um heildarraforkuvinnslu raforkuvera með uppsettu afli yfir 100 kW.]<sup>4)</sup>

□ Virkjunarleyfi fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis . . .<sup>1)</sup>

□ Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á eignarlandi á grundvelli leyfis þarf að hafa náðst samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða ákvörðun um eignarnám skv. 23. gr. að liggja fyrir. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Ákvæði þetta gildir einnig um nýtingu auðlinda í þjóðlendum eftir því sem við á.

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 39/2016, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 74/2021, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 89/2004, 2. gr.

### ■ 5. gr. Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

□ Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila.

□ [Orkustofnun]<sup>1)</sup> getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Öll skilyrði skulu tilgreind í reglugerð.<sup>2)</sup>

□ [Tengja skal leyfissskylda virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Virkjanir sem eru [10 MW]<sup>3)</sup> eða stærri skulu tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.]<sup>4)</sup>

□ Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á viðkomandi vatnasviði. Ef ekki nást samningar sker [Orkustofnun]<sup>1)</sup> úr ágreiningi og er úrskurður [hennar]<sup>1)</sup> endanlegur á stjórnáráðgjafi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum þeim sem nýta

sama jarðhitasvæði. Þá er [Orkustofnun]<sup>1)</sup> heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. [Orkustofnun]<sup>1)</sup> er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem [hún]<sup>1)</sup> telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 5. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1040/2005, sbr. 1132/2011 og 757/2012. Rg. 757/2012, sbr. 559/2020. <sup>3)</sup> L. 19/2011, 2. gr. <sup>4)</sup> L. 89/2004, 3. gr.

### ■ 6. gr. Efni virkjunarleyfis.

□ Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Stærð virkjunar og afmörkun virkjunarsvæðis.
2. Hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.
3. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.
4. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
5. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
6. Ráðstöfun mannvirkja og tækja þegar notkun þeirra er hætt.

7. Önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögum þessum.

□ Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

□ [Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 36/2011, 32. gr.

### ■ 7. gr. Starfsemi og skyldur vinnslufyrirtækis.

□ Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Vinnslufyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annari starfsemi. [Starfæki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu. Sé hitaveita sem hefur einkaleyfi til starfsemi sinnar háð orkuöflun frá slíku jarðvarmaorkuveri ber því skylda til að afhenda hitaveitu varmaorku í samræmi við þarfir hennar til að sinna skyldum sínum og afkastagetu jarðvarmaorkuversins. Um bókhaldslegan aðskilnað og verðlagningu fyrir afhendingu á slíkri varmaorku fer skv. 41. gr. Rísi ágreiningur um verðlagninguna sker Orkustofnun úr.]<sup>1)</sup>

□ Skylt er vinnslufyrirtæki að hlíta ákvörðunum flutningsfyrirtækis um umfang framleiðslu svo að það geti uppfyllt skyldur sínar vegna kerfisstjórnunar skv. 9. gr. og skal koma fyrir það greiðsla samkvæmt samkomulagi við vinnslufyrirtæki.

□ [Vinnslufyrirtæki skulu hafa tiltækar viðbragðsáætlanir við vá.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 58/2008, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 67/2008, 2. gr.

## III. kafli. Flutningur.

### ■ 8. gr. Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

□ [Eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafa. Fyrirtækið skal vera

hlutafélag. ...<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup> [Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga.]<sup>1)</sup>

□ [Viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins skulu vera dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt lögum þessum til að stunda viðskipti með raforku.]<sup>3)</sup>

□ ...<sup>3)</sup>

□ ...<sup>3)</sup>

□ [Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt öðrum lögum. Því er þó heimilt að:

a. reka raforkumarkað,

b. eiga og reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi samkeppni sé ekki raskað,

c. selja út sérfræðipækkingu fyrirtækisins ef eftir því er leitað, svo fremi samkeppni sé ekki raskað,

d. að [uppfylltum skilyrðum]<sup>4)</sup> 15. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, að eiga hlut í, ásamt öðrum, fjarskiptafélagi sem hefur það hlutverk að reka öryggisfjarskiptakerfi raforkukerfisins. Félaginu skal vera heimilt að bjóða út umframflutningsgetu, ef það hefur yfir slíkri flutningsgetu að ráða, svo fremi sem samkeppni sé ekki raskað.

Fyrirtækinu ber að halda reikningum vegna þeirrar starfsemi sem getið er í a–c-lið aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Stjórn flutningsfyrirtækisins skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.]<sup>3)</sup>

□ [Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu ráðherra og flutningsfyrirtækið, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélag, birta skrár um þau störf sem heimild til verkfalls nær ekki til samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, og lögum um stéttarfélag og vinnudeilur, nr. 80/1938. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðastgildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrár skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.]<sup>1)</sup>

□ Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings [um stofnun flutningsfyrirtækisins]<sup>3)</sup> eða annarra samninga sem tengjast honum skal ráðherra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörðun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum.

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 89/2004, 4. gr. <sup>3)</sup> L. 19/2011, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 103/2020, 16. gr.

### ■ 9. gr. Skyldur flutningsfyrirtækisins.

□ Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, [gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku].<sup>1)</sup> Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki.

□ [Tilkynna ber Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun og skal Orkustofnun hafa eftirlit með að slík framkvæmd sé í samræmi við framkvæmdaáætlun flutningsfyrirtækisins. Leyfi Orkustofnunar þarf fyrir nýju

flutningsvirki ef það er ekki í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar sem samþykkt hefur verið af Orkustofnun, sbr. 9. gr. a. Um málsmeðferð leyfisveitingar fer í samræmi við 34. gr. Orkustofnun getur bundið leyfið skilyrðum er lúta að þeim atriðum sem greinir í 1. mgr.]<sup>1)</sup>

□ Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:

1. Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá, sbr. [12. gr. a].<sup>2)</sup> Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.

2. [Kaupa kerfisþjónustu, flutningstöp og jöfnunarorku á markaði. Við kaupin skal gæta gagnsæis og jafnræðis í samræmi við verklagsreglur sem flutningsfyrirtækið setur sér. Orkustofnun er heimilt að veita undanþágu frá kaupum á ótíðnitengdri kerfisþjónustu á markaði ef markaðsbundið framboð er ekki efnahagslega skilvirkt eða önnur mikilvæg sjónarmið réttlæta undanþágu. Kaup á kerfisþjónustu skulu samræmd með dreifiveitum þegar það á við og því verður við komið.]<sup>3)</sup>

3. Útvega launafi fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.

4. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.

5. Sjá til þess að fyrir liggja spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins.

[6. Greiða þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð.]<sup>2)</sup>

□ Flutningsfyrirtækið ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að:

1. Stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminnna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi.

2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafis við rekstur kerfisins.

3. [Samræma]<sup>4)</sup> notkunarferla þar sem aflmæling fer ekki fram.

4. Mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við reglugerð þar að lútandi, halda utan um mælingar og skila gögnum til viðkomandi aðila svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.

5. [Hafa tiltækar viðbragðsáætlanir og annast samræmingu neyðaraðgerða í flutningskerfinu, bregðast við í vá og ef einhver aðili að neyðarsamstarfi raforkukerfisins óskar þess og tryggja tengsl við yfirstjórn almannavarna.]<sup>5)</sup>

□ [Flutningsfyrirtækinu er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggji jafnræði við flutning raforku. Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kærur til úrskurðarnefndar raforkumála.]<sup>4)</sup>

□ [Flutningsfyrirtækið skal í samráði við raforkufyrirtæki setja almennar reglur um rekstur og stýringu raforkuflutnings sem Orkustofnun samþykkir. Í reglunum skal m.a. kveðið nánar á um þau atriði sem tilgreind eru í 3. og 4. mgr.]<sup>6)</sup>

□ Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusólum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt.

□ Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

□ Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við skömmun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.<sup>7)</sup>

□ [Ráðherra skal í reglugerð<sup>8)</sup> setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækisins, kerfisstjórnun, notkunarfæra og tengingu virkjana við flutningskerfið.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 26/2015, 2. gr. sbr. og brbákv. s.l. <sup>2)</sup> L. 19/2011, 4. gr. <sup>3)</sup> L. 74/2021, 5. gr. <sup>4)</sup> L. 89/2004, 5. gr. <sup>5)</sup> L. 67/2008, 3. gr. <sup>6)</sup> L. 24/2018, 1. gr. <sup>7)</sup> Rg. 350/2016. <sup>8)</sup> Rg. 513/2003, Rg. 1040/2005, sbr. 161/2006, 841/2016, 611/2020 og 302/2022.

#### ■ [9. gr. a. Kerfisáætlun.

□ Flutningsfyrirtækið skal [a.m.k. annað hvert ár]<sup>1)</sup> leggja fyrir Orkustofnun til samþykktar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins.

□ Í kerfisáætlun skulu felast eftirfarandi áætlanir:

1. Langtímaáætlun kerfisáætlunar sem sýnir þá þætti í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra á næstu tíu árum og tímaáætlun þeirra.

2. Framkvæmdáætlun kerfisáætlunar sem sýnir ákvarðanir um fjárfestingar í flutningskerfinu sem hafa þegar verið teknar og fjárfestingar sem þarf að ráðast í á næstu þremur árum og tímaáætlun þeirra. Í framkvæmdáætlun skal greining valkosta útskýrð og rökstuddur sá kostur sem valinn er.

□ Við gerð kerfisáætlunar skal byggja á raunhæfum sviðsmyndum um þróun raforkuframleiðslu, raforkunotkunar, markaðsþróunar og raforkuflutnings til annarra landa eftir því sem við á. Í kerfisáætlun skal gera grein fyrir forsendum, sviðsmyndum og spám sem stuðst er við.

□ Í kerfisáætlun skulu markmið um afhendingaröryggi raforku skilgreind fyrir tímabil áætlunarinnar og koma fram hvernig þeim verði náð með fullnægjandi hætti.

□ Nánari útfærsla mannvirkja vegna uppbyggingar flutningskerfisins, svo sem hvort um er að ræða raflínu í jörð eða loftlínu, ræðst af stefnu stjórnvalda um lagningu raflína [og um uppbyggingu flutningskerfis raforku].<sup>2)</sup>

□ [Um tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands um sæstreng fer samkvæmt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.]<sup>3)</sup>

□ Flutningsfyrirtækið skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna kerfisáætlunar. Drög að kerfisáætlun skulu kynnt og send þessum aðilum til sérstakrar umfjöllunar og ber þeim að skila athugasemdum innan sex vikna frá kynningu. Flutningsfyrirtækið skal einnig hafa samráð við alla aðra hagsmunaaðila og skal nánar kveðið á um samráðsferlið í reglugerð. Kerfisáætlun skal fylgja greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma, svör flutningsfyrirtækisins og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 24/2018, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 113/2019, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 26/2015, 3. gr.

#### ■ [9. gr. b. Eftirlit með kerfisáætlun.

□ Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd kerfisáætlunar og skal meta hvernig henni er fylgt eftir. Orkustofnun er

heimilt að krefjast þess að flutningsfyrirtækið geri breytingar á kerfisáætlun eftir því sem stofnunin telur þörf á.

□ Orkustofnun fer yfir og samþykkir kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins með hliðsjón af markmiðum um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, hagkvæmni, gæði raforku og stefnu stjórnvalda um lagningu raflína [og um uppbyggingu flutningskerfis raforku].<sup>1)</sup> Orkustofnun skal við yfirferð kerfisáætlunar hafa samráð við alla núverandi og væntanlega viðskiptavini flutningsfyrirtækisins, sbr. 2. mgr. 8. gr., og gæta þess að tillit sé tekið til þess sem fram kemur í samráðsferlinu. Samráðsferlið skal vera opið og gagnsætt og að því loknu birtir Orkustofnun niðurstöður þess.

□ Ákvörðun Orkustofnunar um samþykkt eða synjun kerfisáætlunar er kærnanleg til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 24/2018, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 26/2015, 3. gr.

#### ■ [9. gr. c. Staða kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga.

□ Sveitarstjórnun ber við næstu endurskoðun aðalskipulags, og eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt kerfisáætlunar, að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Sveitarstjórn er þó heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt kerfisáætlun í allt að átta ár enda séu fyrir því gildar ástæður og fyrir liggja jákvæð umsögn flutningsfyrirtækisins. Sveitarstjórnun ber enn fremur að tryggja að skipulagsákvæðanir hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdáætlun kerfisáætlunar. Ákveða skal legu flutningslína í skipulagi að fenginni tillögu flutningsfyrirtækisins í samræmi við kerfisáætlun, að höfðu samráði þess og skipulagsyfirlvalda.

□ Um málsmeðferð samkvæmt grein þessari fer að öðru leyti samkvæmt skipulagslögum eftir því sem við á, að teknu tilliti til stefnu stjórnvalda um lagningu raflína [og um uppbyggingu flutningskerfis raforku]<sup>1)</sup> og markmiða kerfisáætlunar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 24/2018, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 26/2015, 3. gr.

#### ■ [9. gr. d. Reglugerðarheimild.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð<sup>1)</sup> þar sem nánar er kveðið á um kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins, upplýsingar sem skulu vera hluti af kerfisáætlun eða fylgja með henni, hvernig standa skuli að samráðsferli við undirbúning hennar, framkvæmd hennar og eftirfylgni, m.a. hvaða úrræði Orkustofnun hefur til að sjá til þess að kerfisáætlun sé fylgt eftir, hvernig haga skuli valkostagreiningu og hvaða forsendur og aðferðafræði skuli styðjast við.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 870/2016. <sup>2)</sup> L. 26/2015, 3. gr.

#### ■ 10. gr. Eigendur flutningsvirkja.

□ [Eigendum flutningsvirkja sem falla undir 6. tölul. 3. gr. er skylt að selja eða leigja þau flutningsfyrirtækinu eða leggja þau fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.

□ Eigendur flutningsvirkja sem leigð eru flutningsfyrirtækinu geta ávallt óskað eftir því að flutningsfyrirtækið kaupi flutningsvirki sem falla undir 6. tölul. 3. gr. eða að þau verði lögð fram sem hlutafé í flutningsfyrirtækinu.]<sup>1)</sup>

□ [Eigendum flutningsvirkja sem leigð eru flutningsfyrirtækinu ber að viðhalda virkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau.]<sup>1)</sup> Telji flutningsfyrirtækið að eigandi flutningsvirkis sinni ekki nauðsynlegu viðhaldi getur það látið gera slíkar framkvæmdir á kostnað eiganda.

□ Ráðherra getur í reglugerð<sup>2)</sup> kveðið nánar á um samskipti eigenda flutningsvirkja og flutningsfyrirtækis, afnot flutningsfyrirtækis af flutningsvirkjum og endurgjald fyrir þau.

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 6. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1040/2005.

■ **11. gr. Flutningsvirki utan flutningskerfis.**

□ ...<sup>1)</sup>

□ [Í sérstökum tilvikum má sækja um leyfi [Orkustofnun-  
ar]<sup>2)</sup> til að reisa sjálfstætt flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda tengist hvorki virkjun né notandi flutningskerfinu beint eða um dreifiveitu. Leita skal umsagnar flutningsfyrirtækis og eftir atvikum viðkomandi dreifiveitu varðandi slíkar tengingar áður en leyfi er veitt.]<sup>3)</sup>

□ [Orkustofnun]<sup>2)</sup> getur bundið leyfi skv. [2. mgr.]<sup>1)</sup> sömu skilyrðum og greinir í 2. mgr. 9. gr. eigi viðkomandi línur að flytja raforku á 66 kV spennu eða hærrí.

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 131/2011, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 19/2011, 5. gr.

■ **12. gr. [Tekjumörk flutningsfyrirtækisins.**

□ Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

□ Orkustofnun setur flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku. Tekjumörk skulu vera tvískipt, þ.e. vegna flutnings á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á viðmiðum sem tilgreind eru í 3. mgr. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna reksturs og fjárfestinga vegna flutnings til dreifiveitna annars vegar og til stórnotenda hins vegar. Starfsemi flutningsfyrirtækisins skv. 5. mgr. 8. gr., sem ekki er nauðsynleg vegna rekstursins, er undanskilin við ákvörðun tekjumarka. Sama gildir um orkukaup vegna tapa í flutningskerfinu og aðföng vegna kerfisþjónustu.

□ Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. [Rekstrarkostnaði sem tengist flutningsstarfsemi fyrir-  
tækisins. Rekstrarkostnaður skiptist í eftirfarandi flokka:

a. Viðráðanlegan rekstrarkostnað: Allur almennur rekstrarkostnaður flutningsfyrirtækisins, svo sem kostnaður vegna viðhalds og starfsmannakostnaður. Við ákvörðun viðráðanlegs rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til meðalrekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Við setningu tekjumarka er heimilt að miða tiltekna rekstrarliði við meðaltal til styttri eða lengri tíma, að undangengnu samþykki Orkustofnunar. Þá er um að ræða óviðráðanleg atvik eða breytingar á fyrra tímabili sem skekkja fimm ára meðaltalið. Sá hluti viðráðanlegs rekstrarkostnaðar sem fellur til vegna launa skal uppfærast með tilliti til vísitölu launa og afgangur viðráðanlegs rekstrarkostnaðar uppfærast með tilliti til vísitölu neysluverðs. Endurskoðuð skipting rekstrarkostnaðar á milli stórnotenda og flutningsfyrirtækisins skal liggja fyrir ár hvert við uppgjör tekjumarka.

b. Óviðráðanlegan rekstrarkostnað: Raunkostnaður við uppgjör tekjumarka. Þá er átt við rekstrarkostnað sem skilgreindur er af hinu opinbera í lögum og/eða reglugerðum og reiknaður er með tilliti til vel skilgreindra eininga.

c. Viðbótarrekstrarkostnað: Kostnaður vegna áhrifa stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað flutningsfyrirtækisins við setn-

ingu og uppgjör tekjumarka, leigukostnaður vegna dreifi- eða flutningsvirkja og samþykktur kostnaður vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Kostnaður vegna rannsóknar- og þróunarverkefna skal að hámarki nema 0,3% af eignastofni fyrirtækisins. Kveða skal nánar á um viðbótarrekstrarkostnað í leiðbeiningum og reglum Orkustofnunar, sbr. 3. mgr. 24. gr.]<sup>1)</sup>

2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins af flutningsstarfsemi skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádrögnum sköttum (EBIT að frádrögnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs flutningskerfisins auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Við mat á vegnum fjármagnskostnaði skal m.a. taka tillit til rekstraráhættu flutningsfyrirtækisins. Kveða skal nánar á um mat á vegnum fjármagnskostnaði í reglugerð.<sup>2)</sup> Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Stærri fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem þær fara í notkun en minni fjárfestingar skulu taldar til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadöllum. Eignir sem voru í eignagrunni 31. júlí 2007 skulu metnar miðað við virði og gengi þann dag. Þegar eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju er færður í krónur við uppgjör tekjumarka skal miðað við meðalgengi bandaríkjadals fyrir uppgjorsárið. Skipting eignastofns á milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Á grundvelli þessa aðilaðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila. Við mat hinna sérfróðu aðila ber þeim að hafa samráð við framleiðendur raforku, neytendur, stórnotendur, dreifiveitur og Landsnet.

3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.

4. Sköttum.

□ [Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja flutningsfyrirtækinu markmið um hagræðingu, þ.e. hagræðingarkröfu. Markmið um hagræðingu getur verið hlutfall af tekjumörkum í heild eða einstökum liðum þeirra, eða ákveðin upphæð sem breytist með tilliti til verðlagsbreytinga, sbr. a-lið 1. tölul. 3. mgr. Ákvörðun um markmið um hagræðingu skal byggjast á sjónarmiðum sem grundvallast á skilvirkni í sambærilegum rekstri, auk þess sem tekið er mið af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun er heimilt að kalla eftir og taka mið af mati sérfróðra aðila við ákvörðun um markmið um hagræðingu. Ákvörðunina skal taka eigi síðar en sex mánuðum eftir að nýtt tekjumarkatímabil hefst og hefur hún áhrif á tekjumörk frá og með öðru ári þess tímabils og fram til annars árs næsta tekjumarkatímabils. Orkustofnun skal tilkynna flutningsfyrirtækinu með hæfilegum fyrirvara um setningu markmiðs um hagræðingu og gæta andmælaréttar í samræmi við stjórnsýslulög.]<sup>1)</sup>

□ Eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk

taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir flutningsfyrirtækið fyrir næsta tekjumarkatímabil.

□ Eigi síðar en [1. apríl]<sup>1)</sup> ár hvert skal flutningsfyrirtækið skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en [1. júlí]<sup>1)</sup> ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til flutningsfyrirtækisins sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarkna við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

□ Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarkna en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en [15%]<sup>1)</sup> af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarkna að uppsafnaðar oftekjur tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. [Þá skal draga frá uppgjöri tekjumarkna næsta árs þær uppsöfnuðu ofteknu tekjur sem eru umfram 5%, margfaldaðar með vegnum fjármagnskostnaði það ár sem farið var yfir tilskilin mörk. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára nema við sérstakar aðstæður eins og við skyndilegt tekjufall flutningsfyrirtækisins, að undanþinginni ákvörðun Orkustofnunar, en þó aldrei lengur en sem nemur einu tekjumarkatímabili.]<sup>1)</sup>

□ [Komi í ljós að flutningsfyrirtækið uppfyllir ekki markmið um gæði raforku, í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, er Orkustofnun heimilt að taka tillit til þess við uppgjör tekjumarkna flutningsfyrirtækisins, með rökstuðningi. Nánari viðmið um vikmörk frá markmiðum um gæði raforku skulu koma fram í reglugerð sem ráðherra setur og leiðbeiningum Orkustofnunar.]<sup>1)</sup>

□ Í reglugerð<sup>3)</sup> skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fasta-fjármuna, skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröf-ur um hagræðingu og um mat sérfróðra aðila skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengis gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um. [Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um hvað leggja skuli til grundvallar við mat á setningu markmiðs um hagræðingu, sbr. 4. mgr.]<sup>1)</sup><sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 7. gr. <sup>2)</sup> Rg. 550/2012, sbr. 150/2015. <sup>3)</sup> Rg. 192/2016, sbr. 404/2020. <sup>4)</sup> L. 19/2011, 6. gr.

#### ■ [12. gr. a. Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

□ Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadölum.

□ Byggt skal á því að verðlagning flutningsfyrirtækisins vegna flutnings til dreifiveitna sé í samræmi við meðalkostnað að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu. Ef orka frá flutningskerfi er afhent til dreifiveitna á hærri spennu ber að lækka gjaldtöku með tilliti til þess. Með sama hætti skal taka tillit til afhendingaröryggis við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum. Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem móttækið er beint frá virkjun innan dreifi-

veitusvæðisins, sbr. þó 3. mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.

□ Greiða skal úttektargjald til flutningsfyrirtækisins vegna framleiðslu virkjana sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.

2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.

3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

□ Varaafsstöðvar sem eru nýttar þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegnar greiðslum til flutningskerfisins.

□ Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni. Í öllum tilvikum skal greiða fyrir kerfisþjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

□ [Notandi sem í framleiðslu sinni er alfarið háður því að fá aðrar afurðir jarðhitavirkjunar en raforku getur óskað heimildar til beinnar tengingar við virkjun skv. 5. mgr. enda þótt hann nái ekki stórnotendaviðmiði. Skilyrði þessa er að notandi njóti engrar þjónustu frá flutningsfyrirtækinu, hafi enga tengingu við flutningskerfið og vinni að skilgreindum verkefnum á sviði orku- og loftslagsmála. Slíkir notendur skulu undanþegnir greiðslu gjalda til flutningsfyrirtækisins. Hámarksafþörf slíkra notenda sem beintengdir eru virkjun má ekki vera umfram 20 MW.]<sup>1)</sup>

□ Flutningsfyrirtækinu er heimilt að afhenda raforku til stórnotenda á 66 kV eða lægri spennu enda standi sérstök gjaldtaka undir viðbótarkostnaði.

□ Flutningsfyrirtækið skal einnig setja gjaldskrá fyrir kerfisþjónustu og töp í flutningskerfinu sem tekur mið af kostnaði ásamt hæfilegri þóknun.

□ Eigi síðar en [átta]<sup>1)</sup> vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá flutningsfyrirtækisins send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdamum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan þriggja vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

□ Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins. . . .<sup>2)</sup>

□ Í reglugerð<sup>3)</sup> skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 24/2018, 5. gr. <sup>3)</sup> Rg. 1040/2005, sbr. 841/2016, 611/2020 og 302/2022. <sup>4)</sup> L. 19/2011, 7. gr.

#### IV. kafli. Dreifing.

##### ■ 13. gr. Sérlexfi til dreifingar.

□ Leyfi [Orkustofnunar]<sup>1)</sup> þarf til að reisa og reka dreifikerfi

á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. [Þó er flutningsfyrirtæki heimilt að flytja/dreifa rafmagni á sérleyfissvæði dreifiveitu til stórnótenda sem fá raforku afhenta á lægri spennu en 132 kV.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 19/2011, 8. gr.

#### ■ 14. gr. Skilyrði sérleyfis.

□ Dreifiveita skal vera sjálfstæður skatt- og lögaðili. [Dreifiveitu, þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæðum veitunnar er 10.000 eða fleiri, er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem henni er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt sérleyfum og lögum þar að lútandi. Dreifiveitu er þó heimilt að stunda aðra starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Stjórn dreifiveitu skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, flutning eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hennar.]<sup>1)</sup>

□ [Dreifiveita skal ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.]<sup>1)</sup>

□ [Orkustofnun]<sup>2)</sup> er heimilt að binda leyfi skv. 13. gr. skilyrðum er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu til að byggja upp og reka dreifikerfið og öðrum skilyrðum sem eiga að tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og umhverfisvernd. Dreifikerfi skal tengjast flutningskerfinu. [Orkustofnun]<sup>2)</sup> er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður, svo sem ef um lítið einangrað svæði er að ræða. Sé um nýtt dreifikerfi að ræða skal umsækjandi leggja fram lýsingu á kerfinu og áætlun um framkvæmdir og sýna fram á að unnt sé að tengja dreifikerfið flutningskerfinu með viðunandi hætti, sbr. þó 3. málsl.

<sup>1)</sup> L. 58/2008, 4. gr., sjá einnig brbák. XVI. <sup>2)</sup> L. 131/2011, 5. gr.

#### ■ 15. gr. Efni sérleyfis.

□ Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

1. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.

2. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögnum.

3. Öryggis- og umhverfisráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma.

4. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.

5. Hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði þegar notkun þeirra er hætt.

6. Önnur atriði er tengjast skilyrðum leyfis og skyldum dreifiveitna samkvæmt lögum þessum.

□ Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

#### ■ 16. gr. Starfsemi og skyldur dreifiveitu.

□ Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

□ Stundi dreifiveita aðra starfsemi en raforkudreifingu skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Reki sama dreifiveita dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði skal fyrirtækið halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Eigi dreifiveita flutningsvirki skal fyrirtækið í bókhaldi sínu aðskilja reikninga vegna þeirra frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr. Óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða

samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

□ Dreifiveitu er m.a. skylt að:

1. Tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.

2. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.

3. [Kaupa kerfisþjónustu, flutningstöp og jöfnunarorku á markaði. Við kaupin skal gæta gagnsæis og jafnræðis í samræmi við verklagsreglur sem viðkomandi dreifiveita setur sér. Orkustofnun er heimilt að veita undanþágu frá kaupum á ótíðnitengdri kerfisþjónustu á markaði ef markaðsbundið framboð er ekki efnahagslega skilvirkt eða önnur mikilvæg sjónarmið réttlæta undanþágu. Kaup á kerfisþjónustu skulu samræmd með flutningsfyrirtækinu þegar það á við og því verður við komið.]<sup>1)</sup>

4. . . .<sup>1)</sup>

5. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við reglur þar að lútandi.

6. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum. [Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kærur til úrskurðarnefndar raforkumála.]<sup>2)</sup>

7. Gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

[8. Greiða þeim notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð.]<sup>3)</sup>

□ [Dreifiveitur skulu í samráði við notendur setja almennar reglur um rekstur og stýringu raforkudreifingar sem Orkustofnun samþykkir. Í reglunum skal m.a. kveðið nánar á um þau atriði sem tilgreind eru í 3. mgr.]<sup>4)</sup>

□ Dreifiveita getur krafist þess að notkun einstakra notenda sé mæld með samfelldri aflmælingu á kostnað notanda ef notkun samræmist ekki notkunarferlum eða umfang notkunar er mikið. Notendur og söluvirkir geta farið fram á samfellda aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.

□ [Dreifiveitur skulu hafa tiltækar viðbragðsáætlanir við vá og taka þátt í neyðarsamstarfi raforkukerfisins þegar við á.]<sup>5)</sup>

□ Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

□ Ráðherra skal í reglugerð<sup>6)</sup> setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við dreifikerfið.

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 89/2004, 9. gr. <sup>3)</sup> L. 19/2011, 9. gr. <sup>4)</sup> L. 39/2023, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 67/2008, 5. gr. <sup>6)</sup> Rg. 1040/2005, sbr. 322/2006 og 302/2022.

#### ■ [16. gr. a. Áætlanir dreifiveitna við fjárfestingar í dreifikerfi raforku.

□ Orkustofnun kallar eftir upplýsingum um aðferðafræði dreifiveitna við ákvörðun um fjárfestingar þeirra í dreifikerfi

raforku. Orkustofnun getur krafist breytinga á aðferðafræði dreifiveitu ef ástæða þykir til.

□ Fjárfestingar í dreifikerfi raforku skulu byggjast á gagnsærri fjárfestingaráætlun sem viðkomandi dreifiveita birtir á a.m.k. tveggja ára fresti. Orkustofnun er heimilt að óska eftir drögum að áætluninni áður en hún birtist. Í áætluninni skal tilgreina áætlaðar fjárfestingar næstu fimm til tíu ára, með áherslu á helstu dreifingarinnviði sem eru nauðsynlegir í samræmi við markmið og skyldur dreifiveitna.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 10. gr.

■ **17. gr. [Tekjumörk dreifiveitna.**

□ Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri dreifiveitna og tryggja að tekjur þeirra séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem þeim er falið að veita, að teknu tilliti til arðsemi. Til að ná fram hagræðingu og skilvirkni í rekstri dreifiveitu eru tekjumörk afmörkuð í tímabil, tekjumarkatímabil.

□ Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði, sbr. 2. mgr. 17. gr. a, skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar. Tekjumörk skulu ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn og uppfærð árlega miðað við breytingar á grunnforsendum. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til kostnaðar vegna reksturs og fjárfestinga.

□ Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. [Rekstrarkostnaði sem tengist dreifingu fyrirtækisins á rafmagni. Rekstrarkostnaður skiptist í eftirfarandi flokka:

a. Viðráðanlegan rekstrarkostnað: Allur almennur rekstrarkostnaður dreifiveitna, svo sem kostnaður vegna viðhalds og starfsmannakostnaður. Við ákvörðun viðráðanlegs rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til meðalrekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs tölum teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Við setningu tekjumarka er heimilt að miða tiltekna rekstrarliði við meðaltal til styttri eða lengri tíma, að undangengnu samþykki Orkustofnunar. Þá er um að ræða óviðráðanleg atvik eða breytingar á fyrria tímabili sem skekkja fimm ára meðaltalið. Sá hluti viðráðanlegs rekstrarkostnaðar sem fellur til vegna launa skal uppfærast með tilliti til vísitölu launa og afgangur viðráðanlegs rekstrarkostnaðar uppfærast með tilliti til vísitölu neysluverðs.

b. Óviðráðanlegan rekstrarkostnað: Raunkostnaður við uppgjör tekjumarka. Þá er átt við rekstrarkostnað sem skilgreindur er af hinu opinbera í lögum og/eða reglugerðum og reiknaður er með tilliti til vel skilgreindra eininga. Þegar dreifiveita hefur sannarlega boðið út tölur sín metur Orkustofnun hvort þau skuli reiknast sem óviðráðanlegur rekstrarkostnaður í uppgjöri tekjumarka.

c. Viðbótarrekstrarkostnað: Kostnaður vegna áhrifa stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað dreifiveitna við setningu og uppgjör tekjumarka, leigukostnaður vegna dreifi- eða flutningsvirkja og samþykktur kostnaður vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Kostnaður vegna rannsókna- og þróunarverkefna skal að hámarki nema 0,3% af eignastofni dreifiveitna. Kveða skal nánar á um viðbótarrekstrarkostnað í leiðbeiningum og reglum Orkustofnunar, sbr. 3. mgr. 24. gr.<sup>1)</sup>

2. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagn-

aðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að fráregnum sköttum (EBIT að fráregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk [8%]<sup>1)</sup> af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir voru 31. desember 2004 og miðast við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum sem hafa komið til eftir þann tíma eða síðar kunna að koma til, afskriftum þeirra og endurmati eins og það er á hverjum tíma. Fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað. Á grundvelli þessa tölulíðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.

3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.

4. Sköttum.

□ [Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri dreifiveitu með afmörkun tekjumarkatímabila er Orkustofnun heimilt að setja viðkomandi dreifiveitu markmið um hagræðingu, þ.e. hagræðingarkröfu. Markmið um hagræðingu getur verið hlutfall af tekjumörkum í heild eða einstökum liðum þeirra, eða ákveðin upphæð sem breytist með tilliti til verðlagsbreytinga, sbr. a-lið 1. tölul. 3. mgr. Ákvörðun um markmið um hagræðingu skal byggjast á sjónarmiðum sem grundvallast á skilvirkni í sambærilegum rekstri, auk þess sem tekið er mið af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun er heimilt að kalla eftir og taka mið af mati sérfróðra aðila við ákvörðun um markmið um hagræðingu. Ákvörðunina skal taka eigi síðar en sex mánuðum eftir að nýtt tekjumarkatímabil hefst og hefur hún áhrif á tekjumörk frá og með öðru ári þess tímabils og fram til annars árs næsta tekjumarkatímabils. Orkustofnun skal tilkynna viðkomandi dreifiveitu með hæfilegum fyrirvara um setningu markmiðs um hagræðingu og gæta andmælaréttar gagnvart dreifiveitum í samræmi við stjórnsýslulög.]<sup>1)</sup>

□ Eigi síðar en [1. október]<sup>1)</sup> árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir dreifiveitur fyrir næsta tekjumarkatímabil.

□ Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal hver dreifiveita skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrria árs. Eigi síðar en 1. september ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrria árs til viðkomandi dreifiveitu sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins. □ Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en [15%]<sup>1)</sup> af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjorsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar ofteknar tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. [Þá skal draga frá uppgjöri tekjumarka næsta árs þær uppsöfnuðu ofteknar tekjur sem eru umfram 5%, margfaldaðar með vegnum fjármagnskostnaði það ár sem farið var yfir tilskilin mörk. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára nema við sérstakar aðstæður eins og við skyndilegt tekjufall dreifiveitu, að undangenginni ákvörðun Orkustofnunar, en þó aldrei lengur en sem nemur einu tekjumarkatímabili.]<sup>1)</sup>

□ [Komi í ljós að dreifiveita uppfyllir ekki markmið um gæði raforku, í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, er Orkustofnun heimilt að taka



tillit til þess við uppgjör tekjumarka viðkomandi dreifiveitu, með rökstuðningi. Nánari viðmið um vikmörk frá markmiðum um gæði raforku skulu koma fram í reglugerð sem ráðherra setur og leiðbeiningum Orkustofnunar.]<sup>1)</sup>

□ Í reglugerð<sup>2)</sup> skal setja nánari ákvæði um tekjumörkin, m.a. um setningu þeirra og uppgjör, afskriftareglur, arðsemismarkmið, útreikning vegins fjármagnskostnaðar, mat fasta-fjármuna, skiptingu eignagrunns og rekstrarkostnaðar, kröfur um hagræðingu, gæði dreifiveitu og um mat sérfróðra aðila skv. 2. tölul. 3. mgr. og 4. mgr. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um með hvaða hætti tekið er tillit til almennra verðbreytinga og gengis gjaldmiðla, auk annarra atriða sem ákvæði þetta kveður á um. [Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um hvað leggja skuli til grundvallar við mat á setningu markmiðs um hagræðingu.]<sup>1)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 11. gr. <sup>2)</sup> Rg. 192/2016, sbr. 404/2020. <sup>3)</sup> L. 19/2011, 10. gr.

#### ■ [17. gr. a. Gjaldskrá dreifiveitna.

□ Hver dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hvers dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230–400 V spennu. Ef orka frá dreifiveitu er afhent á annarri spennu er heimilt að taka tillit til þess í gjaldskrá. Með sama hætti er við gjaldtöku heimilt að taka tillit til annars mismunar á þjónustu.

□ Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlissgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra.

□ Eigi síðar en fjórum vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá dreifiveitu send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan tveggja vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrir en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

□ [Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði vegna tengingar notanda samkvæmt gjaldskrá er heimilt að krefja hann um greiðslu gjalds sem nemur viðbótarkostnaði. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega. Í reglugerð skal kveðið á um forsendur vegna útreiknings viðbótarkostnaðar.]<sup>1)</sup>

□ Dreifiveitu er skylt að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða að fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr. a, með eftirfarandi hætti:

1. Greiða skal virkjun undir 0,3 MW að fullu hreinan ávinning veitunnar af niðurfellingu úttektargjaldsins.

2. Fyrir virkjun sem er 0,3–3,1 MW skal minnka greiðsluna hlutfallslega þar til ekkert er greitt sé virkjunin 3,1 MW eða stærri.

□ Í reglugerð<sup>2)</sup> skal setja nánari ákvæði um gjaldskrá auk þeirra atriða sem ákvæði þetta kveður á um.

□ [Afhendi virkjun með uppsett afl 100 kW eða minna raforku á lágspennu inn á dreifikerfi skal dreifiveita veita afslátt af úttektargjaldi til eigenda hennar ef notkunarstaður

tengist virkjun um lágspennu. Afsláttur skal að lágmarki nema 50% en allt að 100% af gjaldinu og skal hann nánar útfærður í gjaldskrá vegna þeirrar notkunar sem samsvarar vinnslu virkjunar á hverjum tíma. Afsláttur af úttektargjaldi á eingöngu við þegar eignarhlutur hvers eiganda er að lágmarki 33% í viðkomandi virkjun og/eða hinn virkjuðu auðlind.]<sup>3)</sup><sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 39/2023, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1040/2005, sbr. 259/2012. <sup>3)</sup> L. 39/2016, 2. gr. <sup>4)</sup> L. 19/2011, 11. gr.

#### V. kafli. Raforkuviðskipti.

##### ■ 18. gr. Leyfi til að stunda raforkuviðskipti.

□ Leyfi [Orkustofnunar]<sup>1)</sup> þarf til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar.

□ [Ráðuneytið]<sup>2)</sup> skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til raforkuviðskipta.

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 368. gr.

##### ■ [18. gr. a. Leyfi til að reka raforkumarkað.

□ Leyfi ráðherra þarf til þess að reka raforkumarkað. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika og þekkingu á raforkumarkaði til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Nánar skal kveðið á um skilyrði leyfisveitingar og starfsemi raforkumarkaðar í reglugerð.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 12. gr.

##### ■ [18. gr. b. Leyfi til orkuendurnýtingar.

□ Stórnotanda raforku skv. 19. tölul. 3. gr. er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að nýta og selja orku sem leysist úr læðingi í formi varma frá eigin framleiðsluferlum og vélbúnaði sem nota orku (glatvarmi). Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skilyrði til nýtingar glatvarma.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 12. gr.

##### ■ 19. gr. Skyldur söluþyrirtækja.

□ Söluþyrirtæki er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.

2. Veita Orkustofnun upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.

3. Greiða flutningsþyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr., auk hæfilegrar umsýslubókunnar.

4. Tilkynna Orkustofnun og flutningsþyrirtæki um öll viðskipti með raforku.

5. Tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.

□ [Söluþyrirtæki sem heimilt er að stunda sérleyfisstarfsemi er óheimilt að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Þyrirtæki skulu í bókhaldi sínu halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Um bókhaldslegan aðskilnað fer að öðru leyti skv. 41. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 58/2008, 5. gr.

##### ■ 20. gr. Orkuviðskipti.

□ Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til söluþyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um

lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að söluþyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur hann kvartað til Orkustofnunar.

□ Orkukaupandi skal geta sagt upp orkusölusamningi með þriggja mánaða eða skemmri fyrirvara. Heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 1 GWst af raforku.

□ Nánari reglur um viðskipti með raforku skulu settar í reglugerð.<sup>1)</sup> Í reglugerð skal m.a. mæla fyrir um hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifi- og söluþyrirtækja skuli háttáð, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, söluþyrirtækja og notenda.

□ [Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um viðskipti á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki sem eru aðgengilegar fyrir almenning. Í slíkri reglugerð skal mæla fyrir um rekstur slíkra hleðslustöðva og skilgreina tæknilegar kröfur sem gerðar eru til þeirra.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 1040/2005. Rg. 1150/2019, sbr. 599/2022. <sup>2)</sup> L. 74/2021, 13. gr.

## VI. kafli. Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.

### ■ 21. gr. Umferðarréttur.

□ Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita vinnsluþyrirtæki, flutningsþyrirtæki og dreifiveitum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á ef nauðsyn krefur vegna undirbúnings að starfsemi samkvæmt lögum þessum. Ekki má hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum fyrir en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því.

□ Við afnot og nýtingu lands samkvæmt lögum þessum ber að gæta þess að framkvæmdir stofni hvorki mönnum, munum né búpeningi í hættu eða valdi þeim skaða. Jafnframt skal þess gætt að ekki sé valdið óþarfa mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang svæðis ef nýting leggst af.

### ■ [21. gr. a. Aðgerðir vegna trjágróðurs.

□ Til að tryggja öryggi raforkukerfisins, sbr. 3. tölul. 1. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 16. gr., er flutningsþyrirtækinu eða dreifiveitu heimilt að láta fjarlægja eða grisja tré eða trjágróður á helgunarsvæði flutnings- eða dreifikerfis raforku, að því gefnu að brýn nauðsyn krefji til að koma í veg fyrir truflun á flutningi eða dreifingu raforku eða til að koma í veg fyrir hættu sem getur haft áhrif á öryggi flutnings- og dreifikerfis raforku. Gæta skal ýtrasta meðalhófs við slíkar aðgerðir og tryggja andmælarétt landeigenda.

□ Til að framfylgja aðgerðum skv. 1. mgr. hafa starfsmenn flutningsþyrirtækisins og dreifiveitna, eða þeir sem starfa á þeirra vegum, rétt til umferðar um einkalönd. Upplýsa skal landeiganda eða umráðamann lands tímanlega um fyrirhugaðar aðgerðir og leita samráðs við hann, nema um sé að ræða neyðartilvik skv. 3. mgr.

□ Flutningsþyrirtækið eða dreifiveita skal gefa landeiganda eða umráðamanni lands tækifæri til að gera ráðstafanir skv. 1. mgr. nema um sé að ræða neyðartilvik er kalla á tafarlaugar aðgerðir í þágu öryggis raforkukerfisins eða almannaöryggis. Slíkar neyðaraðgerðir mega fara fram án samráðs við landeiganda eða umráðamann lands. Hafi slíkar neyðaraðgerðir farið fram skal flutningsþyrirtækið eða dreifiveita upplýsa

landeiganda um þær ráðstafanir sem gerðar voru án undanfarandi tilkynningar.

□ Komi upp ágreiningur milli flutningsþyrirtækisins eða dreifiveitu og landeiganda eða umráðamanns lands um aðgerðir skv. 1. mgr. skal senda skriflega leyfisbeiðni til Orkustofnunar um heimild til aðgerða. Orkustofnun kynnir landeiganda beiðnina og leitar umsagnar hans. Orkustofnun ber að afgreiða beiðnir innan fjögurra vikna frá því að þær berast. Ef stofnuninni tekst ekki að ljúka afgreiðslu málsins innan tilskilins frests ber að upplýsa um tófina, ástæður hennar og hvenær ætla megi að afgreiðslu máls ljúki. Sé leyfi veitt eru aðgerðirnar heimilar án leyfis landeiganda. Ákvörðun Orkustofnunar sætir kærur til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr.

□ Aðgerðir skv. 1. og 3. mgr. eru undanþegnar ákvæðum laga um skóga og skógrækt en miðað skal við endurnýjun trjáa, í stað þeirra sem fella þarf, á nýjum stað. Leita skal umsagnar Skógræktarinnar áður en flutningsþyrirtækið eða dreifiveita ræðst í aðgerðir eða leyfi Orkustofnunar er veitt skv. 4. mgr.

□ Landeigandi eða umráðamaður lands getur krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir vegna aðgerða samkvæmt ákvæðum þessarar greinar í samræmi við ákvæði 22. gr.

□ Við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal þess gætt að lágmarka tjón á umhverfi, lífríki og ásýnd, og tryggja almennt góðan frágang.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd aðgerða vegna trjágróðurs sem skapar hættu fyrir flutnings- eða dreifikerfi raforku.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 14. gr.

### ■ 22. gr. Skaðabætur.

□ Nú hefur aðili rétt samkvæmt lögum þessum til umferðar eða framkvæmda á eignarlandi og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi, mannvirkjum og öðrum eignum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

### ■ 23. gr. Eignarnám.

□ Nú nær þyrirtæki ekki samkomulagi við landeiganda eða eiganda orkulinda vegna framkvæmda á grundvelli laga þessara, þar með talið um endurgjald fyrir landnot, vatnsréttindi, jarðhitaréttindi eða aðrar orkulindir, og getur ráðherra þá tekið eignarnámi nauðsynlegt land, landgæði, mannvirki, aðstöðu og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til. Ráðherra afhendir viðkomandi þyrirtæki þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Ráðherra getur heimilað þyrirtækinu að framkvæma eignarnámið og ber það allan kostnað af eignarnáminu.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi orkulindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu, sbr. 1. mgr., eða til að koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu orkulindar utan landareignarinnar.

□ Ef eignarnám skv. 1. og 2. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

□ Nú fellur leyfi til dreifingar úr gildi og samkomulag næst ekki um afnot nýs leyfishafa af dreifikerfinu og er ráðherra þá heimilt að ákveða að taka dreifikerfið eignarnámi og afhenda það nýjum leyfishafa. Ráðherra getur heimilað leyfis-

hafa að framkvæma eignarnámið. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu. Sama gildir um flutningskerfið eftir því sem við á.

□ Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta vegna orkulindar skal taka sérstakt tillit til óvissu um orkulindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

## VII. kafli. Eftirlit og úrræði.

### ■ 24. gr. Eftirlit Orkustofnunar.

□ Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum. Orkustofnun skal hafa samráð við [Samkeppniseftirlitið]<sup>1)</sup> um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á.

□ [Eftirlit samkvæmt lögum þessum, að undanskildum verkefnum tengdum virkjanaleyfum, sbr. 4., 5. og 6. gr., er falið raforkueftirliti Orkustofnunar. Stofnunin er sjálfstæð í ákvörðunum sínum þegar hún sinnir þessu eftirliti og getur ráðherra ekki gefið fyrirmæli um framkvæmd þess. Nánar skal kveðið á um hlutverk og verkefni raforkueftirlits Orkustofnunar í reglugerð.

□ Orkustofnun er heimilt að gefa út almennar leiðbeiningar [og reglur]<sup>2)</sup> um starfsemi aðila sem heyrna undir lög þessi, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila.

□ Til að tryggja sjálfstæði ákvarðana Orkustofnunar skal stofnunin setja sér starfsreglur.<sup>3)</sup>

□ Orkustofnun skal hafa samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd og þróun eftirlitsins. Í því skyni skal starfa sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila. Orkustofnun skal eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í mállefnum Orkustofnunar. Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð,<sup>4)</sup> m.a. um skipan hennar.

□ Orkustofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. fyrir sína hönd. Í reglugerð skal kveða nánar á um eftirlit faggiltra skoðunarstofa.

□ [Orkustofnun skal hafa yfirsýn og eftirlit með tiltæku varaafli raforku í landinu. Í reglugerð skal nánar kveðið á um eftirlitsheimildir og úrræði Orkustofnunar til að tryggja viðmið til grundvallar ákvörðunum um varaafli, skiptingu kostnaðar milli flutningsfyrirtækis og dreifiveitna og að fullnægjandi varaafli sé til staðar til að bregðast við áföllum í raforkuferfinu.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 74/2021, 15. gr. <sup>3)</sup> L. 112/2019, 3. gr. <sup>4)</sup> Rg. 466/2003.

### ■ 25. gr. Heimildir Orkustofnunar.

□ Orkustofnun getur krafðið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atvöð sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að eftirlitsskyldur aðili komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

□ Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

□ Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið

gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis, ákvæðum samnings skv. 8. gr. eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð [sakamála]<sup>1)</sup> um leit og hald á munum.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

### ■ 26. gr. Úrræði Orkustofnunar.

□ Telji Orkustofnun að eftirlitsskyld starfsemi samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, ákvæðum samnings skv. 8. gr., skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

□ Telji Orkustofnun að gjaldskrá sem tilkynnt hefur verið uppfylli ekki kröfur laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim tekur gjaldskráin ekki gildi fyrir en úr hefur verið bætt að mati stofnunarinnar. Þá getur Orkustofnun gert flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að breyta gjaldskrá sinni að viðlögðum dagsektum.

### ■ [26. gr. a. Áminning.

□ Orkustofnun getur veitt skriflega áminningu með tilhlýðilegum fresti til úrbóta fyrir brot gegn lögum þessum og skal birta slíkar áminningar á vefsíðu stofnunarinnar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 112/2019, 4. gr.

### ■ [26. gr. b. Stjórnvaldssektir.

□ Orkustofnun getur lagt stjórnvaldssektir á aðila sem brjóta gegn 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 7. gr., 5. mgr. 8. gr., 1.–2. máls. 2. mgr. 9. gr., 12. gr. a, 2. mgr. 16. gr. og 17. gr. a. Orkustofnun getur jafnframt lagt stjórnvaldssektir á aðila sem sinna ekki kröfum um úrbætur skv. 26. gr. a eða brjóta ítrekað gegn ákvæðum laga þessara.

□ Sektor skv. 1. mgr. geta numið allt að 10% af veltu fyrirtækis. Við ákvörðun á fjárhæð sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Sektor renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtu. Sektor sem Orkustofnun ákvarðar eru ekki hluti af tekjumörkum.

□ Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að framfylgja lögum þessum. Ákvörðun Orkustofnunar um sektir má skjóta til úrskurðarnefndar raforkumála.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 112/2019, 4. gr.

### ■ 27. gr. Eftirlit [Samkeppniseftirlitsins].<sup>1)</sup>

□ Samkeppnislög gilda um atvinnustarfsemi sem lög þessi ná til.

□ Ef fyrirtæki stundar vinnslu eða sölu á raforku er því óheimilt að niðurgreiða þá starfsemi með sérleyfisstarfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíka niðurgreiðslu er [Samkeppniseftirlitinu]<sup>2)</sup> heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu.

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 14. gr. <sup>2)</sup> L. 24/2018, 6. gr.

■ **28. gr.** *Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.*

□ Vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur skulu koma á innra eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi. [Orkustofnun skal hafa umsjón með framkvæmd þessa ákvæðis, sbr. einnig 24. gr.]<sup>1)</sup>

□ Í reglugerð<sup>2)</sup> skal kveða á um þær kröfur sem innra eftirlit skv. 1. mgr. skal uppfylla og hvernig því skuli háttað, þar á meðal um eftirlit faggiltra skoðunarstofa.

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 11. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1048/2004, sbr. 731/2006.

■ **29. gr.** *Pagnarskylda.*

□ [Starfsmenn stofnana sem annast eftirlit á grundvelli laga þessara eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.]<sup>1)</sup> Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum stofnananna eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir þær, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa.

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 5. gr.

■ **30. gr.** *Úrskurðarnefnd raforkumála.*

□ [Stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli laga þessara og varða verkefni er lúta ekki að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa skv. 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.]<sup>1)</sup>

□ Í nefndinni sitja þrjú menn sem skipaðir eru af [ráðherra]<sup>2)</sup> og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

□ Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

□ Sú stofnun er tók hina kærðu ákvörðun skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á að afla frá henni.

□ Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

□ Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni barst kæra.

□ Formaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

□ Nefndarmenn og ráðgjafar þeirra eru bundnir þagnarskyldu skv. 29. gr.

□ Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum fer um meðferð máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um málsmeðferð og starfshætti nefndarinnar.

□ Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

□ Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

□ Ákvarðanir sem aðeins verða kærðar til úrskurðarnefndar verða ekki bornar undir dómstóla fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta gildir þó ekki frá þeim tíma þegar sex mánuðir eru liðnir frá því að kæra barst nefndinni án þess að hún hafi lagt úrskurð á málið.

<sup>1)</sup> L. 112/2019, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 368. gr.

■ **31. gr.** *Gjaldtaka.*

□ Til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Flutningsfyrirtækið skal greiða gjald af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið sem nemur [0,75 aurum]<sup>1)</sup> á hverja kWst.

2. Dreifiveitur skulu greiða gjald af raforku sem er móttekin frá flutningskerfi eða beint frá virkjunum sem nemur [1,88 aurum]<sup>1)</sup> á hverja kWst.

□ Fyrir 15. september ár hvert skal orkumálastjóri gefa [ráðherra]<sup>2)</sup> skýrslu um [framkvæmd raforkueftirlits á liðnu ári og]<sup>3)</sup> áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laga þessara. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár. Skýrslunni skal fylgja umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 24. gr., um áætlað rekstrarumfang næsta árs ásamt álitum orkumálastjóra á umsögninni. Til að samráðsnefndin geti gefið umsögn skal Orkustofnun eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta gjaldtöku skv. 1. mgr. skal [ráðherra]<sup>2)</sup> leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

□ [Orkustofnun skal annast innheimtu gjalda þessara fyrir rikissjóð. Gjaldþagi skal vera 1. mars ár hvert vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna liðins árs. Aðför má gera til fullnustu kröfum um gjaldið án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar. [Orkustofnun ákveður hvernig gjaldi skv. 1. mgr. skuli varið til að sinna raforkueftirliti samkvæmt lögum þessum.]<sup>4)</sup><sup>5)</sup>

□ Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa, enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 368. gr. <sup>3)</sup> L. 24/2018, 7. gr. <sup>4)</sup> L. 112/2019, 6. gr. <sup>5)</sup> L. 67/2008, 6. gr.

**VIII. kafli. Almenn ákvæði um leyfisveitingar.**

■ **32. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 6. gr.

■ **33. gr.** *Gjaldtaka vegna útgáfu leyfa.*

□ Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til leyfisveitanda:

1. Fyrir virkjunarleyfi, sbr. 4. gr., skal greiða gjald. Gjaldið skal vera sett saman úr fastagjaldi sem nemur 100.000 kr. og gjaldþætti sem er í hlutfalli við stærð virkjunar og nemur 10.000 kr. fyrir hvert MW.

2. Fyrir leyfi til að reisa og reka dreifikerfi, sbr. 13. gr., skal greiða gjald. Gjaldið skal vera sett saman úr fastagjaldi sem nemur 50.000 kr. og gjaldþætti sem er í hlutfalli við íbúafjölda á dreifiveitusvæðinu og nemur 10 kr. fyrir hvern íbúa.

3. Fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti, sbr. 18. gr., skal greiða 50.000 kr.

■ **34. gr.** *Málsmeðferð.*

□ Leyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

□ [Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal Orkustofnun leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga.]<sup>1)</sup> Umsagnir skulu berast innan tveggja mánaða frá því að beiðni þar að lútandi var send.

□ [Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er Orkustofnun heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir

svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.]<sup>2)</sup>

□ [Orkustofnun skal kynna umsókn um leyfi samkvæmt lögum þessum með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.]<sup>1)</sup> Þar skal gefa þeim aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Umsækjandi skal kosta birtingu slíkrar auglýsingar.

□ Synjun um leyfi samkvæmt lögum þessum skal rökstudd.

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2018, 18. gr.

### ■ 35. gr. Framsal leyfa.

□ Leyfi samkvæmt lögum þessum má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með [samþykki leyfisveitanda].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 5. gr.

### ■ 36. gr. Afturköllun leyfis.

□ Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum skal [leyfisveitandi]<sup>1)</sup> veita honum skriflega aðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki [aðvörðuninni]<sup>1)</sup> innan tilgreindra tímamarka getur [leyfisveitandi]<sup>1)</sup> afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur [leyfisveitandi]<sup>1)</sup> þó afturkallað það án aðvörðunar.

<sup>1)</sup> L. 131/2011, 5. gr.

## IX. kafli. Ýmis ákvæði.

### ■ 37. gr. Yfirstjórn.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

□ [Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sem fjallað er um í 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

□ ...<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 368. gr. <sup>2)</sup> L. 112/2019, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 131/2011, 8. gr.

### ■ 38. gr. Framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign.

□ Ráðherra hefur heimild til að semja við flutningsfyrirtækið og þá aðila, sem fá leyfi samkvæmt lögum þessum til framkvæmda á eignarlöndum ríkisins, um endurgjald fyrir land og landgæði þau er um ræðir hverju sinni. Haft skal samráð við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

□ Um framkvæmdir á þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

### ■ 39. gr. Raforkuskýrsla.

□ Ráðherra leggur fyrir Alþingi [á tveggja ára fresti]<sup>1)</sup> skýrslu um raforkumálefni. Í skýrslunni skal m.a. fjalla um:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.

6. Gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar.

7. Þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

[8. Áætlaða uppbyggingu flutningskerfis raforku og þróun kerfisáætlunar flutningsfyrirtækisins.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 12. gr. <sup>2)</sup> L. 26/2015, 4. gr.

### ■ [39. gr. a. Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

□ Ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi til lögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 26/2015, 5. gr., sbr. og brbákv. s.l.

### ■ 40. gr. Veiting rannsóknarleyfa.

□ Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir til undirbúnings raforkuvinnslu. Auk þeirra skilyrða sem par eru talin skal umsækjandi um rannsóknarleyfi leggja fram mat á því hvernig tengja megi fyrirhugaða virkjun raforkukerfi landsins.

### ■ 41. gr. Ársreikningar.

□ Um ársreikninga fyrirtækja sem falla undir ákvæði laga þessara fer samkvæmt lögum um ársreikninga.

□ Ef fyrirtæki á samkvæmt lögum þessum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri starfsemi í ársreikningi. Gera skal Orkustofnun grein fyrir sundurliðuninni í því formi sem stofnunin ákveður.

□ Sameiginlegum rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

□ Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækis skv. 3. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja starfsemi í þeim hlutföllum sem eru á milli bókfærðs verðs þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru.

2. Skipta skal afskriftum af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta í sömu hlutföllum og þeim sem skiptanlegar eru.

3. Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

□ Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, sbr. 1. mgr. 7. gr., skal fyrirtækið gera grein fyrir afkomu einstakra rekstrarþátta í ársreikningi. Skila skal Orkustofnun skýrslu um afkomuna í því formi sem stofnunin ákveður. Útreikningur á afkomu einstakra rekstrarþátta og skiptingu á sameiginlegum kostnaði skal vera í samræmi við viðtekna reikningsskilavenju, enda hafi skiptireglurnar hlotið samþykki Orkustofnunar. Hliðstæðar reglur gilda um skiptingu sameiginlegra afskrifta og fastafjármuna.

□ Fallist Orkustofnun ekki á skiptireglur fyrirtækisins skv. 5. mgr. skal hún taka rökstudda ákvörðun þar um innan sex vikna frá því að óskað var eftir samþykki hennar á skiptireglum og skal Orkustofnun þá ákvarða skiptireglur á grundvelli eftirfarandi meginviðmiða:

1. Þeim sameiginlegu þáttum í rekstrar- og efnahagsreikningi sem getið er um í 3. mgr. skal skipt í hlutfalli við verðmæti þeirrar orku sem afhent er.

2. Verðmæti raforku, sbr. 1. tölul., skal miðast við meðalverð raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis, en að teknu tilliti til samninga við notendur sem nota meira en 100 GWst á ári.

3. Til þess að ákvarða verðmæti annarrar orku, sbr. 1. tölul., svo sem heits vatns og gufu, skal Orkustofnun skilgreina eðlilegt einingarverð á þeirri orku við afhendingu frá orkuverinu. Í því skyni skal stofnunin hafa hliðsjón af verði orkunnar þegar hún kemur til kaupenda en að frádregnum kostnaði við flutning, dreifingu og sölu hennar. Jafnframt skal höfð hliðsjón af því við ákvörðun þessa verðs að hlutfall arðs af fastafjárumnum sem eru bundnir í jarðvarmaorkuverinu sé svipað hvort sem um er að ræða raforkuvinnslu eða aðra orkuvinnslu.

□ Ráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um bókhaldslegan aðskilnað, þ.m.t. þær upplýsingar sem skulu koma fram í ársreikningi fyrirtækja sem falla undir ákvæði þessarar greinar, og um skiptigrundvöll milli mismunandi starfsemi.

■ **[42. gr. Tryggingar.**

□ Ráðherra getur krafist þess að þeir sem starfa á grundvelli laga þessara taki ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, afli sér bankatryggingar eða leggi fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur jafngildar og bæta tjón er þeir kunna að valda með störfum sínum. Kveðið skal nánar á um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, í reglugerð.

■ **[43. gr. Aðfararheimild o.fl.**

□ Gjöld fyrir raforku, flutning og dreifingu, sem innheimt eru . . . <sup>1)</sup> samkvæmt lögum þessum, eru aðfararhæf án dóms eða sáttar skv. 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku ef ekki er staðið í skilum með greiðslu þessara gjalda.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 149/2004, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 89/2004, 13. gr.

■ **[44. gr.]<sup>1)</sup> Viðurlög.**

□ Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 13. gr.

■ **[45. gr.]<sup>1)</sup> Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um fram-

kvæmd laga þessara í reglugerð.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 13. gr. <sup>2)</sup> Rg. 513/2003. Rg. 1040/2005, sbr. 364/2008, 1132/2011, 259/2012, 757/2012, 841/2016, 611/2020 og 302/2022. Rg. 297/2006. Rg. 274/2010. Rg. 435/2011. Rg. 757/2012, sbr. 559/2020. Rg. 944/2018. Rg. 1323/2019. Rg. 1324/2019. Rg. 10/2020. Rg. 806/2022.

■ **[46. gr.]<sup>1)</sup> Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2003.

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 13. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I. . . .** <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 16. gr.

■ **II.**

□ Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum, enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara.

■ **III.–XI. . . .** <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 16. gr.

■ **[XII. . . .]** <sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 89/2004, 17. gr.

■ **[XIII. Endurskoðun.**

□ Ráðherra skal skipa nefnd fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem falin skal endurskoðun laga þessara. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 31. desember 2010.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 89/2004, 17. gr.

■ **[XIV.–XV. . . .]** <sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 149/2004, 7. gr.

■ **[XVI.**

□ [Ákvæði 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2014.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 175/2011, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 30/2009, 1. gr.

■ **[XVII.**

□ Ef tekin er ákvörðun um markmið um hagræðingu skv. 4. mgr. 12. gr. eða 4. mgr. 17. gr. fyrir tekjumarkatímabilið 2021–2025 skal sú ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. desember 2021.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 18. gr.

■ **[XVIII.**

□ Innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara skal birt áhættumat skv. 6. mgr. 8. gr. Komi upp ágreiningur þannig að ekki takist að ljúka gerð þess innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara skal ágreiningurinn lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 74/2021, 18. gr.

■ **[Viðauki. . . .]** <sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/2011, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 89/2004, 18. gr.